

Árið 2026, mánudaginn 13. apríl, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Unnþór Jónsson varaformaður, Halldóra Vífilsdóttir arkitekt og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

Fyrir var tekið mál nr. UUA2512012, kæra á ákvörðun Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. frá 8. september 2025 um innheimtu gjalds fyrir aukalosun á rotþró við sumarhúsið að Stangarbraut 23 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

1. Með bréfi innviðaráðuneytisins, dags. 19. desember 2025, var úrskurðarnefndinni framsend kæra Njáls Hákonar Guðmundssonar, eiganda sumarhúss að Stangarbraut 23 í Grímsnes- og Grafningshreppi, dags. 17. s.m., á ákvörðun Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. frá 8. september 2025 um að innheimta gjald fyrir aukalosun rotþróar við sumarhús kæranda. Verður að skilja málatilbúnað kæranda svo að þess sé krafist að innheimtan verði felld úr gildi og að byggðasamlaginu verði gert að endurgreiða kæranda þegar innheimta fjárhæð með vöxtum.
2. Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Grímsnes- og Grafningshreppi 27. janúar 2026.

Málavextir

3. Kærandi er eigandi sumarhúss að Stangarbraut 23 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarfélagið hefur ásamt fimm öðrum sveitarfélögum aðild að Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs., en byggðasamlagið sér um hreinsun á rotþróum fyrir aðildarsveitarfélögin skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. samþykktar nr. 35/2022. Með tölvupósti 4. júní 2025 óskaði kærandi eftir því við Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita að rotþró við sumarhús hans yrði tæmd. Í svari skrifstofustjóra byggðasamlagsins þann sama dag var kæranda tilkynnt að ekki yrði unnt að verða við beiðninni fyrr en um miðjan júní. Jafnframt var honum bent á hvar nálgast mætti upplýsingar um kostnað vegna aukalosunar. Kærandi ítrekaði beiðnina 13. s.m. og tók fram að hann teldi að rotþróin hefði ekki verið tæmd árið 2024. Væri hann því ósáttur við að þurfa að greiða aukalega fyrir losunina. Rotþró kæranda var tæmd 24. júní 2025 og var gefinn út reikningur vegna verksins 8. september s.á. þar sem kæranda var gert að greiða gjald að upphæð kr. 211.818 fyrir aukalosun, akstur og móttöku á 2.000 kg af seyru.
4. Með tölvupósti til Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita 23. september 2025 gerði kærandi athugasemdir við innheimtuna og krafðist niðurfellingar hennar. Sama dag var kröfunni hafnað af hálfu skrifstofustjóra byggðasamlagsins þar sem því var til svarað að við tæmingu árið 2024 hefði verið skráð athugasemd um að rauðamöl væri í rotþrónni og að við aukahreinsun 24. júní 2025 hefði verið skráð að siturbeð væri í ólagi. Þá var vísað til þess að um væri að ræða þjónustu sem kærandi hefði sjálfur óskað eftir og að honum hefði áður verið kynnt gildandi gjaldskrá. Frekari samskipti áttu sér stað þar sem kærandi ítrekaði þá kröfu sína að innheimtan yrði felld úr gildi, en að endingu var kröfu hans hafnað 28. október 2025.

Málsrök kæranda

5. Í kæru er rakið að í mars eða apríl 2025 hafi kærandi orðið var við frárennslisvanda úr salerni í sumarhúsi sínu. Uppfletting á vef Grímsnes- og Grafningshrepps hafi sýnt að reglubundin losun á rotþró við sumarhúsið hefði átt að fara fram 9. maí 2024. Hafi hann því talið að vanda málið hafi tengst lögnum og fengið til sín fagaðila til að skoða þær. Þegar viðkomandi hafi grafið upp jarðveg hafi komið í ljós að lagnir væru í lagi en að rotþróin væri yfirfull.
6. Kærandi hafi haft samband við þjónustuaðila sveitarfélagsins sem sjái um tæmingu rotþróa og fengið þær upplýsingar að rotþróin hefði ekki verið losuð árið 2024 þar sem rauðamöl hefði verið í henni og að óska þyrfti eftir aukalosun gegn gjaldi. Skrifstofustjóri Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. hafi hins vegar upplýst hann um að samkvæmt skráum hefði tæming farið fram í maí 2024 og að ný losun teldist því aukalosun samkvæmt gjaldskrá, en fyrir hana þyrfti að greiða um kr. 60.000 miðað við að ekki þurfi að fara sér ferð til að framkvæma losunina. Kærandi hafi ekki verið sáttur við það þar sem hann hafi talið ljóst að ekki hefði farið fram reglubundin losun árið 2024.
7. Miðað við sumarhús eigi að líða þrjú ár á milli reglubundinna losana. Aðeins 13 mánuðir séu frá meintri losun í maí 2024 þar til aukalosun hafi farið fram í júní 2025. Nýting sumarhússins á því tímabili hafi verið tæplega 30%, en að langmestu leyti hafi tveir einstaklingar nýtt bústaðinn. Við þær aðstæður sé eðlilegt að um 60–120 kg magn af seyru safnist upp, en magnið sem dælt hafi verið upp úr rotþrónni sé á bilinu 20–30 sinnum meira en það. Uppsöfnun sem nemi 2.000 kg á ári miðað við 30% nýtingu geri 18,3 kg af föstu efni fyrir hvern dag sem dvalið sé í húsinu, eða rúm 9,0 kg á mann hvern dag. Slíkt sé ekki fræðilegur möguleiki.
8. Þær skýringar sem sveitarfélagið hafi gefið fyrir magni seyrunnar séu notkun, mül í þró, stífla og að rotþró komi ekki vatni frá sér þegar dren sé í ólagi, en dælubíllinn þurfi að geta komið vatninu frá sér aftur í þró þegar hann sé að taka seyru. Hvað það varði sé áréttað að mül í þró hafi ekki áhrif á magn seyru. Samkvæmt aðilum sem vinni við rotþrær sé ekki óalgengt að það finnist mül í þeim og sé henni þá bara dælt upp með seyrunni. Í þessu tilfelli hafi aðeins lítillæði af rauðamöl komist í rotþróna við framkvæmdir í kringum árin 2017 eða 2018. Sé það rétt að rauðamölin hafi enn verið til staðar árið 2024 megi leiða líkur að því að rotþróin hafi ekki heldur verið tæmd á árinu 2021, þrátt fyrir að sveitarfélagið hafi einnig skráð tæmingu á því ári. Það að bíllinn komi ekki vatni frá sér ætti heldur ekki að vera vandamál þar sem rúmmál vatnsins sem dælt sé til baka í rotþróna sé alltaf minna en það sem dælt sé úr henni. Það geti því hvorki haft áhrif á magn seyru né tæmingu.
9. Þá hafi ein skýring sveitarfélagsins verið sú að þegar kerfið í kringum rotþróna virki ekki sem skyldi geti rotþróin ekki komið frá sér vatni. Hvað það varði sé á það bent að sé siturlögn í ólagi geti rotþróin verið lengur að koma frá sér vatni, jafnvel þannig að það sé lengur að síga niður úr klósettinu. Það hafi hins vegar ekki áhrif á magn seyru.
10. Öryggismyndavél með hreyfiskynjara sé staðsett á sumarhúsinu og snúi hún beint að innkeyrslunni og svæðinu framan við húsið, þ.m.t. svæðinu þar sem losun eigi að eiga sér stað. Samkvæmt myndskaiði úr öryggismyndavélinni hafi tankbíll komið að húsinu 9. maí 2024. Skynjarinn hafi ekki numið bílinn sjálfan þegar hann hafi komið og farið en upptaka hafi farið í gang þegar bílstjórinn hafi gengið aftur fyrir bílinn. Þegar dælt sé úr rotþró þurfi að nálgast slöngur og annað sem sé staðsett aftan á bílnum. Hefði sú athöfn átt að nást á upptöku ef átt hefði verið við slöngurnar. Það sem upptakan sýni sé að tveir menn hafi komið á staðinn. Sá sem setið hafi í farþegasætinu hafi kíkt á rotþróna, en bílstjórinn gengið aftur fyrir bílinn og inn í geisla hreyfiskynjarans. Aðstoðarmaðurinn hafi komið til baka eftir að hafa litið á rotþróna

og þeir sest síðan báðir upp í bílinn. Ef þeir hefðu dælt upp úr rotþrónni í þessari ferð hefði upptaka ítrekað farið í gang. Þeir fari hins vegar án þess að eiga við dælubúnaðinn og þar með án þess að dæla nokkru upp úr rotþrónni. Samanborið hafi myndskreið af aukalosuninni 24. júní 2025 sýnt starfsmenn vinna við losunina.

11. Af framagreindu virtu sé ljóst að sveitarfélagið hafi ekki framkvæmt losun á rotþró við sumarhús kæranda í maí 2024. Því hafi ekki verið tilefni til að gefa út hinn umþrætta reikning.

Málsrök Grímsnes og Grafningshrepps

12. Af hálfu sveitarfélagsins er rakið að hinn 9. maí 2024 hafi starfsmenn fyrirtækis sem sjái um rotþróarhrensun fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. farið að sumarhúsi kæranda og hreinsað rotþró hans. Hafi verkið verið unnið í samræmi við verkferla sem fyrirtækið hafi viðhaft við hreinsun rotþróa um árabíl. Við hreinsunina hafi komið í ljós að mól væri í rotþró og hafi hreinsunin því ekki tekist eins vel og ef rotþróin hefði verið í góðu ásigkomulagi. Við aukalosunina í júní 2025 hafi einnig verið skráð að siturbeð væri í ólagi.
13. Kærandi beri ábyrgð á því að rotþró hans sé í góðu ástandi þannig að sveitarfélagið geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu við hreinsun hennar. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna sé eigendum húseigna þar sem fráveita liggja skylt á sinn kostnað að annast lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennsli að tengingu við fráveitukerfi. Húseigendum sé skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki, sbr. 6. mgr. 12. gr. laganna. Þá segi í gr. 14.2. í reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru að rekstraraðilar húsnæðis eða svæða þar sem seyra falli til beri ábyrgð á allri meðferð eða flutningi úrgangans.
14. Það myndband sem kærandi vísi til í kærú sinni sé einungis um 20 sekúndna langt. Sveitarfélagið telji ljóst að ekki sé hægt að taka mið af því, enda hafi upptaka ekki verið í gangi allan þann tíma sem hreinsunin hafi staðið yfir.
15. Gjaldskrá nr. 905/2024 vegna móttöku og hreinsunar á seyru hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita sé skýr að því leyti að greiða skuli sérstakt gjald þegar óskað sé eftir aukalosun. Kærandi hafi óskað eftir tæmingu rotþróar við sumarhús sitt og hafi hann fengið upplýsingar um kostnað vegna aukalosunar samkvæmt gjaldskrá til þess að koma í veg fyrir allan mis-
skilning. Hafi kærandi því verið vel upplýstur um hver kostnaðurinn myndi vera.
16. Samkvæmt útgefnum reikningi, dags. 8. september 2025, hafi kæranda borið að greiða samtals kr. 211.818 fyrir umrædda aukalosun. Fjárhæðin sé sundurliðuð í samræmi við áðurnefnda gjaldskrá, þ.e. kr. 44.013 fyrir losunina, kr. 44.550 fyrir akstur og kr. 82.258 fyrir móttöku á seyru. Akstur hafi verið 81 km og tekið hafi verið á móti 2.000 kg af seyru. Framangreind gjaldskrá sé skýr þess efnis að greiða skuli kr. 550 á hvern kílómeter, óháð því hvort um sé að ræða aukalosun með eigin bifreið sveitarfélagsins eða sem sérferð samkvæmt 7. gr. gjaldskrárinnar. Kærandi hafi verið upplýstur um þetta áður en hann hafi óskað eftir aukalosun.
17. Á sama hátt gildi að greiða skuli móttökugjald fyrir hvert kílógramm af seyru. Magn í aukaferðinni hafi verið 2.000 kg, en þar sem siturbeð hafi verið í ólagi hafi einnig þurft að flytja mikið magn af vatni í burtu. Ekki hafi verið unnt að dæla vatninu aftur í rotþróna, eins og venjulega sé gert þegar siturbeð séu í góðu ásigkomulagi, enda hefði rotþróin við það orðið full aftur.

Viðbótarathugasemdir kæranda

18. Ítrekaðar eru fyrri athugasemdir sem fram komu í kæru. Að því er varðar öryggismyndavél við sumarhúsið þá taki slík kerfi ekki upp allan sólarhringinn heldur fari í gang upptaka sem sé um 20–30 sekúndna löng ef kerfið telji sig hafa orðið vart við mannveru og sendi skilaboð í síma viðkomandi. Síðan stoppi upptakan. Hún fari svo aftur af stað næst þegar kerfið telji sig verða vart við mannveru. Ökutæki þurfi að koma mun nær en mannvera til að setja upptöku af stað.
19. Vakin sé athygli á misræmi í gögnum málsins. Þannig segi í umsögn sveitarfélagsins að ekki hafi verið hægt að tæma rotþró kæranda 9. maí 2024 þar sem hún hafi verið full af rauðamöl og siturbeð hafi verið í ólagi auk þess sem skrifstofustjóri Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. hafi sagt í samskiptum við kæranda að skráð hafi verið að mól hafi verið í rotþrónni. Hins vegar hafi framkvæmdastjóri þess verktakafyrirtækis sem sjái um að tæma rotþrær fyrir sveitarfélagið sagt í tölvupósti að ef mól finnist í byrjun tæmingar sé hætt að sjúga og merkt við að rotþró hafi ekki verið tæmd. Þar hafi einnig komið fram að starfsmenn fyrirtækisins hafi ekki skráð niður þær upplýsingar að mól væru í rotþró kæranda. Megi því setja spurningamerki við trúverðugleika þeirra upplýsinga sem skráðar séu í kerfi sveitarfélagsins. Það sé útilokað að rotþróin hafi verið tæmd í reglubundinni tæmingu árið 2024, en í ljós hafi komið alvarlegt misræmi í gögnum málsins.

Niðurstaða

20. Í máli þessu er deilt um gjaldtöku Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. frá 8. september 2025 vegna aukalosunar rotþróar við sumarhús kæranda að Stangarbraut 23 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Kæruheimild til úrskurðarnefndarinnar er í 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
21. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er sveitarstjórn skylt að ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi, ásamt því að hún ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar setur sveitarstjórn sérstaka samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs, umfram það sem greinir í lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Segir að um gerð og staðfestingu samþykktarinnar fari skv. 25. gr., nú 59. gr., laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í síðastgreindu lagaákvæði er mælt fyrir um heimildir sveitarfélaga til að setja sér samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gera ítarlegri kröfur en þar fram koma, enda falli þau undir lögin. Er þar meðal annars heimilt að setja ákvæði um meðferð úrgangs og skólps sem og gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu, sbr. 2. og 3. tl. 1. mgr. lagagreinarinnar. Þá skulu sveitarstjórnir skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, sem sett var með stoð í þágildandi 5. gr. laga nr. 7/1998, sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu á seyru úr rotþró.
22. Á grundvelli fyrrgreindra ákvæða 59. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, svo og ákvæðis 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, setti Grímsnes- og Grafningshreppur sér samþykkt nr. 885/2021 um fráveitur í sveitarfélaginu. Samþykktin var í gildi þegar rotþró kæranda var tæmd í júní 2025 og reikningur var gefinn út í september s.á., en samþykktin féll úr gildi við gildistöku nýrrar samþykktar, nr. 1566/2025, hinn 30. desember 2025. Samkvæmt 13. gr. samþykktar nr. 885/2021 var húseigendum skylt að halda við fráveitulögnum og hreinsivirkjum húseigna sinna á eigin kostnað og gæta þess að þær stíflist ekki. Í 20. gr. kom fram að hreinsun seyru og setefna við heimili og frístundahús skyldi að jafnaði fara fram þriðja hvert ár. Samkvæmt 21. gr. ber sveitarfélagi að tilkynna árlega um tímasetningu hreinsunar og er húsráðendum skylt að tryggja

gott aðgengi að hreinsivirkjum. Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. samþykktarinnar skyldi húseigandi greiða gjald fyrir hreinsun, tæmingu og förgun seyru sem standa skyldi undir kostnaði við verkið, ákveðið samkvæmt gjaldskrá í samræmi við 15. gr. laga nr. 9/2009, sbr. og 23. gr. laga nr. 55/2003. Þá var samkvæmt 2. mgr. sömu greinar heimilt að innheimta aukagjald þegar um óvenjumikinn kostnað er að ræða, svo sem vegna endurkomu, enda næmi gjaldið ekki hærri fjárhæð en sannanlegum kostnaði við verkið.

23. Gjaldskrá nr. 905/2024 vegna móttöku og hreinsunar á seyru hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs. var samþykkt 25. júní 2024 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 29 s.m., en eins og greinir í málavöxtum sér byggðasamlagið um hreinsun rotþróa fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp á grundvelli samþykktar þar um. Samkvæmt 6. gr. gjaldskrárinnar ber húseiganda að greiða að fullu fyrir aukalosun óski hann eftir henni. Við slíkar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi verktaka auk móttökugjalds samkvæmt 2. gr. gjaldskrárinnar. Ef Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita samþykkir og hefur tök á að sinna aukalosun með eigin bifreið skal gjaldið fyrir rotþró undir 6 m³ vera kr. 44.013 á rotþró auk kr. 550 á hvern ekinn kílómetra. Samkvæmt 2. gr. er móttökugjald verkaðrar seyru kr. 41 auk virðisaukaskatts fyrir hvert kílógramm.
24. Fyrir liggur að kærandi óskaði eftir hreinsun á rotþró við sumarhús sitt og var hann upplýstur af hálfu Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita um gildandi gjaldskrá vegna slíkrar þjónustu. Umbeðin þjónustan var veitt 24. júní 2025 og var kærandi í september s.á. krafinn um greiðslu að upphæð kr. 44.013 fyrir losunina, kr. 44.550 fyrir akstur og kr. 82.258 fyrir móttöku á seyru. Samanlagt með virðisaukaskatti var upphæðin kr. 211.818. Verður að álíta að sú gjaldtaka eigi sér fullnægjandi lagastoð að teknu tilliti til framangreindra ákvæða í lögum, reglugerð, samþykkt sveitarfélagsins og gjaldskrá byggðasamlagsins.
25. Þegar um svokölluð þjónustugjöld er að ræða gilda ýmis sjónarmið um álagningu þeirra, m.a. að beint samhengi skuli vera milli fjárhæðar gjaldsins og þess kostnaðar sem til falli við það að veita þjónustuna. Fjárhæðin verður einnig að byggja á traustum útreikningi, en þó hefur verið litið svo á að sé ekki hægt að sérgreina nákvæmlega ákveðna kostnaðarliði sé heimilt að byggja þá á skynsamlegri áætlun. Ekki er nauðsynlegt að reikna út með nákvæmum hætti kostnaðinn af því að veita þjónustuna heldur er heimilt að haga gjaldtöku svo að um sé að ræða jafnaðargjald. Til þess er þá að líta að í 2. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og skal gjaldið vera sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu. Þá segir í 3. mgr. sömu greinar að gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skuli þó aldrei vera hærri en sem nemi þeim kostnaði sem falli til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna.
26. Við meðferð þessa máls óskaði úrskurðarnefndin eftir upplýsingum frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita um forsendur fjárhæðar þeirra þjónustugjalda sem mál þetta varðar. Ekki voru veittar skýringar um útreikning gjaldanna en af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndina verður þó ekki annað séð en að hin umdeildu gjöld taki mið af áætluðum kostnaði við veitta þjónustu og að gjöld þar að lútandi séu ekki hærri en sem nemi kostnaði sem falli til.
27. Kærandi telur sér óskilyt að greiða hin umþrættu þjónustugjöld á þeim grundvelli að reglubundin hreinsun hafi ekki farið fram 24. maí 2024 sem hafi leitt til þess að tæma þurfti rotþró hans með aukalosun. Hefur hann hvað það varðar einkum vísað til þess að myndband úr öryggismyndavélakerfi við sumarhús hans sýni að starfsmenn verktakafyrirtækis, sem sér um losun rotþróa fyrir byggðasamlagið, hafi ekki losað rotþró hans í maí 2024. Myndbandið er um 20 sekúndna langt og þar má sjá starfsmenn fyrirtækisins ganga í kringum losunarbílinn. Telur

kærandi að ef rotþróin hefði verið tæmd hefði öryggismyndavélin tekið upp fleiri myndbönd af losuninni. Greint myndband og skortur á fleiri myndböndum verður ekki talið sönnun fyrir því að rotþró kæranda hafi ekki verið tæmd, enda ekki loku fyrir það skotið að verkið hafi verið unnið með þeim hætti að myndbandsupptökukerfi kæranda hafi ekki virkjast í það skiptið. Er þá einnig horft til þess að í gögnum málsins liggur fyrir staðhæfing frá framkvæmdastjóra verktakafyrirtækisins um að starfsmenn þess hafi tæmt rotþró kæranda í samræmi við hefðbundið verklag. Að því er varðar það magn sem losað var í aukalosun kæranda, þ.e. 2.000 kg, verður fallist á þær skýringar sveitarfélagsins að ýmislegt geti orsakað það umfang, þá aðallega að ef siturbeð er í ólagi leiðir það til þess að fjarlægja þarf skólþvatn með seyrinni í stað þess að því sé skilað aftur í rotþróna. Að framangreindu virtu verður að hafna því sjónarmiði kæranda að rotþró hans hafi ekki verið tæmd í reglubundinni losun árið 2024.

28. Að teknu tilliti til þess sem að framan er rakið verður kröfu kæranda um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar hafnað.

Úrskurðarorð

Hafnað er kröfu kæranda um að ógilda ákvörðun Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. frá 8. september 2025 um innheimtu gjalds fyrir aukalosun rotþróar við sumarhús kæranda.

Unnþór Jónsson (sign)

Halldóra Vífilsdóttir (sign)

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)